



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 4. tbl. 12. árg

Desember 2022 og janúar 2023

Komið þið sæl og blessuð



Við Íslendingar erum uppteknir af veðrinu enda skiptir það okkur gífurlega miklu máli þar sem oftast búum við við langan vetur. Þetta haust hefur þó sýnt á sér aðra hlið og hefur veðrið verið óskaplega gott og milt. Þetta góða veður hefur heldur betur komið okkur í Glerárskóla til góða, vegna framkvæmda og tveggja starfsstöðva, sem er alveg frábært.

Skólastarfið blómstar og fyrir nokkrum vikum voru frábærir þemadagar í skólanum þar sem lögð var áhersla á samvinnu, sköpun, keppni, framkomu, fjölbreytni, virðingu, samkennd, ábyrgð og gleði, svo eitthvað sé nefnt. Allt tókst með eindæmum vel og nutu nemendur daganna í leik og starfi.

Framundan er einn af hornsteinum skólans í hefðum, sjálf Glerárvision. Hin rómaða söngkeppni hefur ekki verið haldin með hefðbundnum hætti í 3 ár og því er andrúmsloftið rafmagnað af spenningi fyrir keppninni. Glerárvision verður föstudaginn 2. desember og þann dag mæta allir í betri fötum.

Eftir Glerárvision er stutt til jóla og margt skemmtilegt á döfinni í skólastarfinu sem verður farið í hér á eftir.


Að venju bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel, fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega auk vikupósta frá kennurum.

Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst. Sköpum sterka heild og frábæran skóla fyrir krakkana okkar svo þeir vaxi og dafni í jákvæðu umhverfi.

Með kærri kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi



*Starfsfólk Glerárskóla óskar nemendum og forráðamönnum
gleði um jól- og áramót auk farsældar á komandi ári, með
hjartans þakklæti fyrir samstarfið á liðnu ári.*



Glerárvision

Föstudaginn 2. desember verður haldin Glerárvision á hefðbundinn hátt í fyrsta skipti síðan 2019. Það er mikil tilhlökkun í loftinu og nemendur í 7. - 10. bekk hafa æft stíft síðastliðnar vikur. Unglingastig skólans verður staðsett í Glerárskóla allan daginn en hann hefst á samveru vinabekkja. Gleði, gaman, söngur, leikur og skemmtun verður því í algleymi þennan komandi föstudag í Glerárskóla.



Litlu jólin í Glerárskóla

Loksins er hægt að halda nokkuð hefðbundin Litlu jól í Glerárskóla frá 2019 þó þau verði á tveimur starfsstöðvum. Allir glaðir og skipulagið eftirfarandi:

Mánudagurinn 19. desember 2022:

Litlu jól 8. - 10. bekkjar kl. 19:30 - 21:00 í Rósenborg. Rútur fara frá Glerárskóla kl. 19:20 og koma til baka kl. 21:00.

Þriðjudaginn 20. desember 2022:

Litlu jól 1. - 4. bekkjar kl. 8:15 - 9:45

Litlu jól 5. - 7. bekkjar kl. 9:00 - 10:30



Að litlu jólum loknum eru nemendur komnir í jóla- og áramótafrí en mæting í skólann á nýju ári er **miðvikudaginn 4. janúar 2023 samkvæmt stundaskrá.**

Framkvæmdir við Glerárskóla

Framkvæmdir hafa gengið vonum framar þetta haustið enda einmuna veðurbliða. Búið er að grafa út jarðveg milli A og C álmu og búið að steypa grunn að nýbyggingu sem kemur á milli álmana. Búið er að hreinsa innan úr A-álmunni og nýtt þak er komið á álmuna.

Framkvæmdir ganga því eins og í sögu.

Í framhaldinu verður farið í að saga fyrir útgöngu á 1 og 2. hæð, gera rásir fyrir hita í gólfi, lagfæra frárennslislagnir og margt fleira.

Dagana 5. - 10. desember verður farið í að grafa út austan við álmuna og þá fer aftur af stað mikil og þung umferð stórra ökutækja.

Áfram þurfum við því að huga vel að þungaflutningunum að og frá skólanum og minna nemendur á að vera á varðbergi þar sem myrkrið er mikið og dagsljósið stutt á þessum árstíma.

Það er mjög gleðilegt hversu vel allt gengur og vonandi verður svo áfram.



Desemberskipulag 2022

2. desember - Vinabekkir hittast í Glerárskóla - Glerárvision
5.-9. desember - 7. bekkur á Reykjum í Hrútafirði
9. desember - Aðventuheimsókn í 4. bekk
12. desember - Aðventuheimsókn í 2. bekk
13. desember - Jólahúfu- sokka- eða peysudagur
14. desember - Söngsalur hjá mið- og yngsta stigi
15. desember - Sundmót á miðstigi
16. desember - Árgangadagur á unglingastigi - Jólakökur og kakó á yngsta stigi og ferð í Kvenfélagsgarðinn - Náttfatadagur
19. desember - Uppbrotsdagur - Félagsvist á unglingastigi og miðstigi - litlu jól hjá unglingastigi að kvöldi - Jólabíó á yngsta stigi
20. desember - Litlu jólin á mið- og yngsta stigi - jólafrí á unglingastigi
21. desember - Jólafrí á yngsta- og miðstigi

Sjá einnig slóð á heimasíðu skólans um atburði á vegum nemendaráðs:

<https://glerarskoli.is/wp-content/uploads/2022/11/vidburdadagata-2.pdf>

Útiklæðnaður nemenda á yngsta- og miðstigi

Eins og við öll vitum er vetur þó veðrið hafi verið okkur gott. Við minnum því forráðamenn á að senda börnin vel klædd í skólann því þau fara út í frímínútur tvisvar á dag. Aðeins hefur borið á því að sumum verði kalt því utanyfirflíkur vantar og því minnum við á þetta hér með. Einnig er gott fyrir þau nemendur að hafa aukaföt í töskunni.

„Skamm, skamm, skammdegi.
Mest er um vert að muna,
í myrkri og bruna,
að skammdegið hopar og hörfar.
Eftir hver jól,
endurheimt sól,
líf og líti örvar.”
Höf. Þórarinn Eldjárn



7. bekkur að Reykjum í Hrútafirði

Dagana 5. - 9. desember komandi fara nemendur í 7. bekk að Reykjum í Hrútafirði í skólabúðir. Þessi árlega ferð 7. bekkjar er alltaf skemmtileg og fróðleg og það verða því án

nokkurs vafa þreyttir en sælir nemendur sem koma til baka föstudaginn 9. desember. Við óskum þeim góðrar ferðar og hlökkum til að fá ferðasöguna þegar þau koma heim.

Helstu atburðir í desember 2022 og janúar 2023

Desember 2022	
2. desember	Vinabekkir og Glerárvísið
5. - 9. desember	7. bekkur - Skólabúðir að Reykjum
19. desember	Litlu jól 8. - 10. bekkjar í Rósenborg - Mæting í Glerárskóla kl. 19:20
20. desember	Litlu jól 1.- 4. bekkjar kl. 8:15 og 5. - 7. bekkjar kl. 9:30
Janúar 2023	
3. janúar	Skipulagsdagur - nemendur í fríi - Frístund opin frá 8:00-16:15
4. janúar	Skóli hefst samkvæmt stundaskrá
30. janúar	Skipulagsdagur - nemendur í fríi - Frístund opin frá 8:00-16:15
31. janúar	Viðtalsdagur
1. febrúar	Viðtalsdagur

„ Það sem styrkir hjartað mest er að njóta þess að hjálpa öðrum. ”
Höf. John Andrew Holmes Jr.



Leyfisbeiðnir og veikindaskráning - ítrekun

Skólinn hvetur forráðamenn til að óska sem minnst eftir leyfi fyrir nemendur frá skóla þar sem nám þeirra er mikilvægt og skólaskylda er í landinu.

Við bendum forráðamönnum á að ef sækja þarf um leyfi í **1-2 daga** þarf að hafa samband við umsjónarkennara til að fá slík leyfi. **Senda þarf póst á kennarann og afrit á ritara.**

Ef um **3 daga** eða lengri leyfi er að ræða þarf að **sækja um þau rafrænt á formi sem finna má á heimasíðu skólans.**

Athugið að slík leyfi þarf að sækja um með nokkrum fyrirvara svo hægt sé að gera ráðstafanir vegna náms nemenda.

Minnum einnig á að hægt er að skrá veikindi nemenda beint inn á InfoMentor. Ef það er gert þarf ekki að hringja í skólann og því getur það sparað bæði tíma og fyrirhöfn. **Athugið að skrá/tilkynna þarf veikindi daglega.**



Hnetulaus skóli

Við minnum forráðamenn á að Glerárskóli er hnetulaus skóli. Nú þegar jólabaksturinn er í hámarki viljum við ítreka að matur sem inniheldur hnetur er með öllu bannaður í skólanum og á það einnig við um smákökur þá daga sem þær eru leyfðar í nestispakkann. Það skiptir gífurlega miklu máli að allir fylgi þessu eftir þar sem það gæti reynst lífshættulegt ef hnetur komast í snertingu við þá einstaklinga sem hafa ofnæmi fyrir þeim. Hjálpumst því að við að hafa Glerárskóla hnetulausan að fullu.

Umferðin í skammdeginu - Myrkur, bílar, börn - Ítrekun

Í svartasta skammdeginu skiptir öllu máli að vera með endurskinsmerki í umferðinni.

Börnin okkar sjást miklu betur ef þau eru með endurskinsmerki og því er lykilatriði að nota slíkt.

Minnum enn og aftur alla á að nýta sleppisvæðið til að hleypa nemendum út eða inn í bíla en nota ekki bílastæðið til þess þar sem það getur verið mjög hættulegt.



Bendum síðan á reglur Glerárskóla um farartæki á hjólum sem finna má á heimasíðu skólans.

<https://glerarskoli.is/wp-content/uploads/2020/10/Reglur-Gler%C3%A1rsk%C3%B3la-um-farart%C3%A6ki-%C3%A1-hj%C3%B3lum-2020.pdf>

*„Það sakar ekkert kerti að gefa öðru ljós!“
Höf. James Keller*



Skólabyrjun 2023

Glerárskóli hefst að loknu jóla- og áramótafríi miðvikudaginn 4. janúar 2023 samkvæmt stundaskrá.

Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en

í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

